

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200149/bs

## Endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fossárvirkjun nýtir vatn úr Fossárvatni sem leitt er tæplega 1800 m leið í þrýstivatnspípu frá stíflu við Fossárvatn að stöðvarhúsi í Engidal. Virkjunin var upphaflega gangsett árið 1937, en síðan hefur m.a. steypt stífla við Fossárvatn verið endurnýjuð.

Í fyrirhugaðri framkvæmd felst að byggt verður nýtt stöðvarhús í Engidal, nokkru neðan við núverandi stöðvarhús. Lögð verður ný þrýstivatnspípa um 2200 m að lengd. Ekki verður þörf á breytingum á stíflu við Fossárvatn.

Náttúrustofa Vestfjarða kannaði náttúrufar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Einungis saúst algengar fuglategundir nema straumönd sem er á valista. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf. Plöntur á fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru algengar á þessu landsvæði og flestar algengar á landsvísu.

Stöðvarhús mun hafa óveruleg áhrif á landslag, þar sem hér er um viðbót að ræða við þau mannvirki sem fyrir eru í dalnum. Lögð verður áhersla á að fella húsið eins vel að landi og kostur er. Óveruleg breyting verður á vatnafari frá því sem nú er.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar felist í lagningu þrýstipípunnar. Á það ber að líta að fyrirhuguð pípa verður lögð í mun minni halla en núverandi pípa. Að hluta til verður notuð sama lagnaleið og ekki vikið langt frá núverandi þrýstivatnspípu. Á kafla mun fyrirhuguð pípa þó liggja um mýrlendi.

Í tilkynningarskýrslu er lögð mikil áhersla á verklag og frágang við lagningu þrýstipípunnar. Umhverfisstofnun telur það verklag sem hér er kynnt til fyrirmyndar. Ef unnt verður að forðast vatnsrof og ef svarðlag verður nýtt til frágangs og uppgræðslu eins og ráð er fyrir gert ættu helstu áhrif framkvæmdarinnar að verða neikvæð sjónræn áhrif þann tíma sem tekur raskað svæði að gróa upp.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð

frankvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Olafur A Jónsson  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson